

Mál nr. 26/2011

Ár 2012, þriðjudaginn 3. apríl var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 26/2011

X
gegn

Y og Z

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I Málsmæðferð siðanefndar

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 3. október 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærðu Y og Z hafi gerst brotlegar við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina XX við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Kæran var send kærðu Y&Z til umsagnar með bréfi dagsettu 4. október 2011 og þeim gefinn andmælafrestur til 1. nóvember. Hinn 24. október móttók siðanefnd svarbréf kærðu Y&Z og var afrit af því sent kæranda X til umsagnar. Kærandi X svaraði ekki efnislega en óskaði eftir því að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 13. desember þar sem málsaðilar reifuðu sín sjónarmið. Ekki komu fram frekari andmæli og ekki náðust sættir með aðilum. Þar sem siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu hefðu komið fram í málinu þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dags. 30.10.2010 var tíkin XX pöruð við rakkann YY án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af kyninu labrador retriever. Við pörunina var tíkin XX ekki með gilt augnvottorð. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærðu Y&Z brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Kærðu Y&Z svöruðu því til að ástæðan fyrir að ekki var búið að fara með tíkina í augnskoðun er sú að ekki var farið að íhuga pörun, þegar þeim bauðst tækifæri að fá afnot af fyrrgreindum rakka áður en hann var sendur aftur úr landi. Eftir pörunina hafi verið farið með tíkina í augnskoðun við fyrsta tækifæri sem bauðst, en það var 20. nóvember 2010. Tíkin hafði staðist augnskoðun áður.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið labrador retriever:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.11.1999)“.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun fór fram hinn 30.10 2010 var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af kyninu labrador retriever skal augnskoðun hafa farið fram og má vottorðið ekki vera eldra en 18 mánaða hjá undaneldishundum. Augnvottorðið er því eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins. Hafa kærðu Y&Z því gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærðu Y&Z hafa gefið skýringu á því hvers vegna pörunin fór fram áður en augnskoðun hafði farið fram. Farið var með tíkina í augnskoðun strax og því var við komið. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að hundurinn hafi staðist augnskoðun eftir á. Reglan hljóðar á um að vottorð liggi fyrir við pörun þannig að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm.

IV Niðurstaða

Kærðu Y&Z teljast hafa gerst brotlegar við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða Y er áminnt

Kærða Z er áminnt

f.h. siðanefndar

sign: Herdís *Hallmarsdóttir*, Hilmar *Sigurgíslason*, Kristín *Sveinbjarnardóttir*